

4. fundur stjórnar AP, starfsárið 2013-2014

haldinn að Garðarsbraut 5 Húsavík mánudaginn 14. apríl 2014 kl. 13:00.

Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Björn Víkingur Björnsson, Haraldur Bóasson, Margrét Bjarnadóttir og Sigurgeir Höskuldsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Drög að ársreikningi 2013

Framkvæmdastjóri lagði fram og gerði grein fyrir drögum að ársreikningi félagsins fyrir árið 2013. Niðurstöður rekstrar- og efnahagsreiknings liggja fyrir en eftir er að taka afstöðu til ákveðinna atriða sem snúa að skýringum með ársreikningi áður en unnt er að ljúka fullnaðarafgreiðslu.

2. Drög að ársreikning Vaxtarsamnings Norðausturlands 2013

Framkvæmdastjóri lagði fram og gerði grein fyrir drögum að ársreikningi Vaxtarsamnings Norðausturlands fyrir árið 2013. Reksturinn var í samræmi við áætlanir og samningsákvæði en óráðstafað eigið fé við samningslok um sl. áramót nam kr. 1.419.117,- sem gert er ráð fyrir að renni til nýs vaxtarsamnings.

3. Staðfesting á ráðningarbréfi endurskoðanda

Stjórnin staðfestir ráðningarbréf PWC, dags. 19 febr. 2014 vegna endurskoðunar ársreiknings 2013.

4. Minnisblað atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins v/ breytinga á vaxtarsamningum og fl.

Lagt fram minnisblað frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu vegna útdeilingar fjármagns sem tilheyrir vaxtarsamningum og sóknaráætlunum landshluta. Skv. minnisblaðinu er gert ráð fyrir einum vaxtarsamningi á starfssvæði Eyþings en að fjármunir á þessu ári muni miðast við þá upphæð sem gert var ráð fyrir til samninganna tveggja. Ýmsar aðra breytingar eru reifaðar í minnisblaðinu, s.s. varðandi stjórnun og rekstur samninganna.

Stjórnin leggur áherslu á að þær breytingar sem stjórnvöld kynna verði ekki til þess að hlutur starfssvæðis félagsins í fjárframlögum verði skertur. Er það mat stjórnarinnar að núverandi fyrirkomulag hvað varðar stjórnun og svæðisskilgreiningu Vaxtarsamnings Norðausturlands hafi reynst vel og áður en tekin verði afstaða til þess hvort breyta skuli því fyrirkomulagi þurfi frekari upplýsingar um þær breytingar að liggja fyrir.

5. Tilnefning stjórnarmanns í Þekkingarnet Þingeyinga

Fyrir liggur erindi frá Þekkingarneti Þingeyinga um tilnefningu stjórnarmanns til næstu tveggja ára en aðalfundur þess fer fram 2. maí nk. á Kópaskeri.

Stjórnin samþykkir að tilnefna framkvæmdastjóra, Reinhard Reynisson, til setu í stjórn Þekkingarnets Þingeyinga til næstu tveggja ára.

6. Aðalfundur MýSköpunar ehf.

Fyrir liggur fundarboð vegna aðalfundar MýSköpunar sem fram fer 29. apríl nk. kl. 16:00 í Reykjahlíðarskóla.

Stjórnin samþykkir að fela stjórnarformanni, Sigurgeiri Höskuldssyni, umboð til að sækja fundinn fyrir hönd félagsins og Haralds Bóassyni til vara.

7. Aðalfundur Mývatnsstofu ehf.

Fyrir liggur fundarboð vegna aðalfundar Mývatnsstofu ehf. sem fram fer 30. apríl nk. kl. 14:00 að Múlavegi 2 í Reykjahlíðarþorpi.

Stjórnin samþykkir að fela starfsmanni félagsins, Jónu Matthíasdóttur, umboð til að sækja fundinn fyrir hönd félagsins.

8. Mál til kynningar

- a) Athugasemdir framkvæmdastjóra við tillögu að Byggðaáætlun 2014-2017, dags. 7. febr. 2014
- b) Athugasemdir framkvæmdastjóra við matsáætlun kerfisáætlunar Landsnets 2014-2023, dags. 29. nóv. 2013 og viðbrögð við þeim, dags. 24. janúar 2014.
- c) Erindi framkvæmdastjóra til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis v/ flutningsjöfnunar, dags. 11. mars 2014.

Stjórnin gerir ekki athugasemdir við ofangreind erindi og athugasemdir.

- d) Athugasemdir við umræðuskjal Póst- og fjarskiptastofnunar v/ tenginga við almenna fjarskiptanetið, dags. 14. apríl 2014.

Stjórnin samþykkir að umræddar athugasemdir við umræðuskjalið verði sendar inn.

- e) Aðild að samráðsvettvangi v/ mótunar landsskipulagsstefnu.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að hann hefði skráð félagið til þátttöku í samráðsvettvangnum sem felur í sér að allar upplýsingar um starfið berast félaginu og það getur tekið þátt í vinnunni að því marki sem það kýs.

- f) Dagskrá málþings Eyþings um sóknaráætlun 30. apríl nk.

9. Aðalfundur AP – tíma- og staðsetning

Þannig að nýjar sveitarstjórnir eigi þess kost að tilnefna stjórnarmenn að afloknum sveitarstjórnarkosningum í vor er stefnt að aðalfundi félagsins miðvikudaginn 25. júní kl. 14:00 í Öxi á Kópaskeri.

10. Önnur mál

Rætt um þá alvarlegu stöðu sem við blasir nái áform Vísis hf. um lokun vinnslustöðvar sinnar á Húsavík fram að ganga og eftirfandi ályktun samþykkt:

Stjórn Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga lýsir miklum vonbrigðum með þau áform forsvarsmanna Vísis hf. að loka vinnslustöð félagsins á Húsavík. Vinnslustöðin er sérhæfð í bitaframleiðslu og ein sú tæknivæddasta á landinu. Vandséð er að niðurrif hennar og uppsetning sambærilegrar vinnslu annars staðar á landinu muni auka framlegð fyrirtækisins. Þá hefur fyrirtækið búið að öfluggu og stöðugu vinnuafli hér á Húsavík sem er einn af lykilþáttum farsæls rekstrar undanfarinna ára.

Stjórnin skorar á fyrirtækið að endurskoða þessi áform og hvetur jafnframt til þess að nú þegar verði myndaður samráðsvettvangur þeirra sem komið gætu að því að finna farsæla lausn á málinu, s.s. sveitarfélagsins, stéttarféлага, atvinnuþróunarfélagsins, stjórnvalda og fyrirtækisins sjálfs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:25